

9. stjórnarfundur Sambands orkusveitarfélaga 11. janúar 2013 - Reykjavík

Mættir voru Stefán Bogi Sveinsson, Bryndís Gunnlaugsdóttir, Eydís Indriðadóttir, Jens Pétur Jensen, Sveinn Steinarsson, Eyjólfur Sæmundsson og Valur Rafn Halldórsson frá sambandinu.

Fundur hefst kl.11:00

Dagskrá:

1. Samstarf og samvinna SO og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Halldór Halldórsson formaður Sambands Íslenskra sveitarfélaga og Karl Björnsson framkvæmdastjóri mættu á fundinn undir þessum dagskrárlið. Umræðuefnið var samstarf SO og Sambandsins í þessum málaflokki.

Aðilar voru sammála um að SO myndi senda Sambandinu erindi með helstu áherslum SO sem ættu að vera sameiginleg öllum sveitarfélögum.

2. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lögð fram til kynningar en fundargerðin hafði áður verið samþykkt í tölvupósti.

3. Fjármál SO

Ársreikningur SO fyrir 2012 lagður fram. Stjórn samþykkir drögin og að senda þau út til aðildarsveitarfélaga til umsagnar. Í framhaldinu verður reikningurinn lagður aftur fyrir stjórn til samþykktar.

Búið er að greiða allan kostnað vegna ráðstefnunnar sem haldin var á síðasta ári.

4. Ráðstefnan

Farið yfir mál er tengdast ráðstefnunni er haldin var á síðasta ári. SBS og BG falið að útbúa samantekt frá ráðstefnunni. Einnig var samþykkt að láta þýða norsku löggjöfina yfir á íslensku ásamt því að kynna betur bókun stjórnar SO frá síðasta stjórnarfundum um ráðstefnuna.

5. Fundur með Landsvirkjun

Samþykkt að óska ekki eftir fundi fyrr en eftir næsta stjórnarfund þegar næstu skref SO hafa verið betur mótuð. Á næsta stjórnarfundum verða lögð fram drög að markmiðum til að vinna að. BG falið að setja upp drög til að senda út á stjórnarmenn tímanlega fyrir næsta fund.

6. Heimasíða SO

Valur fer yfir drög að heimasíðu fyrir SO.

7. Jarðvarmaklasi

SBS og Valur mættu á fund á vegum jarðvarmaklasans og sögðu þeir frá þeim fundi. Stefnt er að því að vera í góðu sambandi við jarðvarmaklasann og fylgjast með því sem þar er að gerast.

8. Önnur mál

Bréf frá ANR varðandi styrkveitingu lagt fram. SBS mun vera í sambandi við ráðuneytið. Val falið að hefja undirbúning að vorkundi

Næsti stjórnarfundur er 22.mars, kl.9:00.

Fundi slitið um 13:00